

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og  
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 15. febrúar 2022.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Starfsmat**

Í samræmi við bókun nr. 3 í kjarasamningi aðila hefur starfsmat vegna stjórnenda slökkviliða, slökkviliðsmanna og sjúkraflutningamanna verið samþykkt af báðum aðilum og gefið út af Verkefnastofu starfsmats.

**2. Staðan á innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar**

Farið var yfir stöðuna hjá þeim slökkviliðum sem eru með sólarhringsvaktir. Útfærsla á vaktkerfi á Akureyri var kynnt og hybridkerfis.

**Niðurstaða**

LSS leggur áherslu á að ræða í næstu kjarasamningum frekari útfærslu á vaktahvata. SNS mun funda með BS og Fjarðarbyggð. SNS mun senda tölvupóst á stjórnendur slökkviliða um stöðu mála.

Fleira var ekki gert.